

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um auglýsingar í útvarpi nr. 512/1986,
sbr. reglugerð nr. 608/1987.

1. gr.

Við 1. grein bætist svohljóðandi málsgrein:
Óheimilt er að birta auglýsingar með þeim hætti að sýna firmamerki eða vörumerki, sem innfellda mynd í útsendri sjónvarpsdagskrá.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 10. nóvember 1988.

Svarar Gestsson.

Knútur Hallsson.

REGLUGERÐ

um aflamark úr helstu botnfisktegundum við Ísland 1989.

1. gr.

Árið 1989 skulu leyfi til botnfiskveiða miðast við að afli úr helstu botnfisktegundum verði:

1. Þorskur	285 þús. lestir
2. Karfi	77 þús. lestir
3. Ýsa	65 þús. lestir
4. Ufsi	80 þús. lestir
5. Grálúða	30. þús. lestir

Afli samkvæmt ofansögðu miðast við óslægðan fisk með haus.

Vegna ákvæða í reglugerð þessari um heimildir sóknarmarksskipa, reglna um tilfærslu milli fisktegunda og flutning milli ára og ákvæða um afla smábáta, gæti heildarþorskafla á árinu 1989 orðið um það bil 325 þús. lestir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 3 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988–1990 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. nóvember 1988.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.